



RÍKISLÖGMAÐUR

Hverfisgötu 6 4. hæð 150 Reykjavík

sími: 545 8490 bréfasími: 562 9280

kennitala: 600186 1759

Ársskýrsla embættis ríkislögmans 2013

I. Inngangur

Samkvæmt reglugerð um ársskýrslu ríkislögmans sem forsætisráðuneytið gaf út þann 22. janúar 2008 skal embætti ríkislögmans árlega senda ráðherra skýrslu þar sem gefið er yfirlit yfir megin þætti í starfsemi embættisins. Reglugerð þessi var sett með heimild í 4. gr. laga um ríkislögmann nr. 51/1985, með síðari breytingum.

II. Starfsemi embættisins

Ársskýrsla þessi er sjötta ársskýrsla embættis ríkislögmans og tekur til starfsemi embættisins fyrir árið 2013.

Embætti ríkislögmans starfar samkvæmt lögum um ríkislögmann nr. 51/1985, með síðari breytingum, eins og fyrr er nefnt. Lögin tóku gildi 1. janúar 1986. Embætti ríkislögmans er sjálfstæð stofnun og heyrir samkvæmt lögnum undir stjórnarráðið. Verkefni embættisins eru þannig skilgreind í lögum:

1. Uppgjör bótakrafna sem beint er að ríkissjóði.
2. Lögfræðilegar álitsgerðir samkvæmt ákvörðun ráðherra og aðstoð við vandasama sammingsgerð.
3. Embættið fer með vörn þeirra einkamála fyrir dómstólum og gerðardómum sem höfðuð eru á hendur ríkinu og sókn þeirra einkamála sem ríkið höfðar á hendur öðrum.

Hjá embætti ríkislögmans störfuðu sjö starfsmenn í lok árs 2012. Þar af voru 4 lögmenn í fullu starfi og einn í hlutastarfi, einn ritari og ríkislögmaður. Fyrrverandi ríkislögmaður hefur unnið að sérverkefnum til að létta álagi af öðrum.


Á árinu 2013 var fjárheimild embættis ríkislögmans 65.600.000 kr., en fjárlög gerðu einnig ráð fyrir sértekjum að fjárhæð 6.500.000 kr. Rekstur embættisins á árinu 2013 var innan fjárheimilda ársins að teknu tilliti til sértekna og flutningi fjárheimilda, en rekstarkostnaður var yfir 90 m.kr. Embættið hefur undanfarin ár reitt sig á flutning fjárheimilda milli ára og þannig náð að halda sig innan heimilda. Á árinu 2013 voru sértekjur embættisins hins vegar mun meiri en ráð var fyrir gert. Undanfarin ár hafa þannig ýmist verið fluttar fjárheimildir fyrra árs eða að sértekjur hafa verið meiri en samkvæmt áætlun. Þannig hefur verið kleift að reka embættið innan heimilda. Unnið er að því í samráði við forsætisráðuneytið að halda eldri heimildum áfram svo sem nokkur kostur er og óska eftir auknum fjárveitingum en álag í málarekstri hefur aukist verulega. Nokkur viðbót var við fjárveitingar fyrir þetta ár. Að öðru leyti er gerð grein fyrir rekstri og efnahag í ársreikningi fyrir árið 2013.

Undanfarin ár hefur orðið nokkur fjölgun mála auk þess sem mörg þeirra eru stærri í sniðum. Hugsanlega þarf að auka mannafla til að annast verkefni, en embættið hefur einnig nýtt heimildir til að fela lögmönnum utan þess að flytja mál þótt í afar litlum mæli sé. Má geta þess að í kjölfar fyrirspurnar á Alþingi nýverið var tekinn saman fjöldi dómsmála á árunum 2012 og 2013. Voru 247 ný dómsmál höfðuð fyrir héraðsdómi og Félagsdómi sem embættið hafði til meðferðar, en aðeins 13 af þeim falin

lögmönnum utan þess (voru 26, en 13 af þeim rekin áfram fyrir dómi) Síðustu misseri hafa um og yfir 160 dómsmál verið til meðferðar við embættið á hverjum tíma, jafnt héraðsdóms, félagsdóms og hæstaréttarmál. Hér eru aðeins talin dómsmál en ekki bótakröfur og önnur erindi eða vinna við lögfræðileg álit. Er því ljóst að vinnuálag er afar mikið.

Hér að neðan gefur að líta yfirlit yfir fjölda þeirra mála sem bárust ríkislögmanni á árinu 2013. Auk þess er yfirlit yfir óafgreidd mál hjá embættinu miðað við 31. desember 2012. Síðan er yfirlit yfir afgreidd mál á árinu 2013 og stöðu óafgreiddra mála þann 31. desember 2013.

	Óafgreitt 31.12.2012	Ný mál 2013	Afgreidd mál 2013	Óafgreitt 31.12.2013
Dómsmál	148	160	-157	151
Bótakröfur	49	138	-111	76
Erindi	33	28	-27	34
Tryggingabætur	27	86	-95	18
Ýmislegt	6	15	-21	0
Samtals	263	427	-411	279



Samkvæmt framansögðu bárust embættinu 427 ný mál á árinu 2013. Fyrir voru samtals 263 óafgreidd mál í lok árs 2012. 411 málum var endanlega lokið á árinu 2013 og voru 279 mál óafgreidd í lok ársins.

Af nýjum málum á árinu 2013 voru 160 dómsmál¹. Af þeim voru 125 rekin fyrir héraðsdómi, 30 fyrir Hæstarétti og 5 fyrir Félagsdómi. Bótakröfur voru 138, erindi/álitsgerðir 28, tryggingabótakröfur 86 og önnur mál 15.

Á árinu 2012 voru afgreidd samtals 411 mál, eins og áður sagði. Þar af voru 157 dómsmál, 111 bótakröfur, 27 erindi/álitsgerðir, 95 tryggingabótakröfur og 21 önnur mál.

Um síðustu áramót voru ódæmd 151 dómsmál, 76 bótakröfur voru óafgreiddar, 34 erindi/álitsgerðir, 18 tryggingabótakröfur.

¹ Hér eru þingfest mál fyrir Hæstarétti talin með.

III. Töluleg sundurliðun verkefna 2013

Ný dómssmál á árinu 2013 skiptast í eftirfarandi flokka og undirflokka:

	Hæsta- réttarmál	Héraðs- dómssmál	Félags- dómssmál
Dómssmál:			
1 Almennt	1		
2 Aðfararmál		1	
3 Eignarréttur	1	4	
4 Félagsdómssmál			5
5 Innflytjendur, dvalarleyfi	2	5	
6 Stjórn fiskveiða	1		
7 Skaðabótamál:			
~Almennt		6	
~Ábyrgð heilbrigðisstarfsmanna	1	4	
~Skaðab. skv. L. nr. 69/1995 um bótanefnd		1	
~Athafnir stjórnvalda	1	1	
~Handtaka/gæsluvarðhald ofl.	6	18	
~Skaðabætur vegna bankahruns		16	
8 Skattamál	6	22	
9 Starfsmannaréttur:			
~Almennt		2	
~Brottvikning úr starfi / tilfærsla		8	
~Vangreidd laun	1	8	
~Niðurlagning stöðu	1		
~Áminning í starfi			
~Varnarliðið, starfsmannamál		6	
10 Stjórnsýsla	5	15	
11 Útboðsmál	3	5	
12 Til réttargæslu	1		
13 Samkeppnismál		3	
	Samtals	30	125
			5

Nýjar bótakröfur á árinu 2013 skiptast í eftirfarandi flokka og undirflokka:

Bótakröfur:			
1 Skaðabætur:			
~almennt		31	
~ábyrgð heilbrigðisstarfsmanna		19	
~skaðabætur skv. lögreglulögum		62	
~athafnir stjórnvalda		1	
~handtaka/gæsluvarðhald ofl.		15	
~innflytjendur, dvalarleyfi		1	
2 Stjórn fiskveiða		1	
3 Skattar		1	
4 Starfsmannaréttur:			
~almennt		2	
~áminning í starfi		1	
5 Stjórnsýsla		2	
6 Útboðsmál		1	
6 Jafnréttismál		1	
	Samtals	138	

Nýjar tryggingabótakröfur á árinu 2013 skiptast í eftirfarandi flokka og undirflokka:

Tryggingabætur:	
Tryggingabætur skv.	
1 kjarasamningi	
~almennt	69
~dánarbætur	1
~tilkynningar	12
~endurmat	3
~skaðabótaskylda skv. gr. 7.1.6	1
Samtals	86

Ný erindi á árinu 2013 skiptast í eftirfarandi flokka og undirflokka:

Erindi / álitserðir:	
1 Almenn erindi	14
2 Álitserðir	
~almennt	4
3 Dómkvaðning matsmanna	6
4 Umsagnir	3
5 Endurupptökubeiðnir	1
Samtals	28

Önnur mál:

Ýmislegt:	
1 Ýmis mál	15
	15

Reykjavík, júlí 2014

Einar Karl Hallvarðsson hrl.